

## 9. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 20. maí 2022 í Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

**Mætt eru:** Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) á fjarfundi, Gunnar Þór Gestsson (GÞG) á fjarfundi, Málfríður Sigurhansdóttir (MS) á fjarfundi, Lárus B. Lárusson (LBL), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Halla Margrét Jónsdóttir (HMJ) áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs UMFÍ, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þorvaldur Eyjólfsson (EÞE) fjármálastjóri UMFÍ.

**Forföll:** Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gissur Jónsson (GJ) og Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ).

Formaður setti fund kl. 16:00

### 1. Fjármál

- Endurskoðendur  
Sigrún Guðmundsdóttir og Fríða Hrönn Elmarsdóttir frá BDO ehf. fóru yfir ársreikning 2021 og endurskoðunarskýrslu. Ársreikningur 2021 samþykktur og undirritaður.
- Fjármálauppgjör  
EÞE fór yfir uppgjör fyrstu fjögurra mánaða ársins.
- Endurskoðun fjárhagsáætlunar  
EÞE lagði fram minnisblað um tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun UMFÍ fyrir árið 2022. Stjórn samþykkir tillöguna og vísar henni til fjárhags- og fasteignanefndar til nánari útfærslu í samráði við framkvæmdastjóra og fjármálastjóra.

### 2. Brandr

Kristján Már Sigurbjörnsson frá Brandr og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ, kynntu og framkvæmdu könnun meðal stjórnarmanna um rafræna vitund á ímynd UMFÍ.

### 3. Upplýsingagiöf framkvæmdastjórnar og fjármálastjóra:

- Málþing á vegum UMFÍ og ÍSÍ um aukna þátttöku fólks af erlendum uppruna verður haldið 25. maí n.k.
- UMFÍ netföng - Allir stjórnarmenn UMFÍ eru komnir með eigin @umfi.is netföng og hafa þau fengið sendan tölvupóst þess efnis.

### 4. Húsnæðismál

GGG fór yfir drög að húsaleigusamningi við ÍSÍ og EPE fór yfir kostnaðaráætlun vegna framkvæmda. Fjárhags- og fasteignanefnd leggur til að sá rammi sem settur er fram í leigusamningi og kostnaðaráætlun sé lagður til grundvallar frekari samningsgerðar við ÍSÍ. Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra falið að ljúka samningsgerð. Stjórn samþykkir leigusamninginn og kostnaðaráætlun við framkvæmdir.

Fjármálastjóra falið að afla tilboða, í samræmi við bókun þings, í ávöxtun söluandvirðis fasteignar UMFÍ í Sigtúni að frádregnum framkvæmdakostnaði við leiguhúsnæði og uppgreiðslu láns.

### 5. Reykir

GGG lagði fram minnisblað frá fundi fulltrúa UMFÍ með sveitarstjóra og fulltrúum sveitarstjórnar Húnaþings vestra. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að hefja formlega undirbúningsvinnu vegna reksturs ungmennabúða á Reykjum.

### 6. Staða nefnda, verkefna – formenn gera grein fyrir stöðu.

Sjá stöðu verkefna neðst í fundargerð.

- Framkvæmdastjórn  
9. - 10. fundargerðir framkvæmdastjórnar
- Fjárhags- og fasteignanefnd  
6. fundargerð fjárhags- og fasteignanefndar
- Nefnd um íþróttahéruð og lottóreglur
- Móta- og viðburðarnefnd
- Sjóða- og fræðslunefnd  
6. fundargerð sjóða- og fræðslunefndar  
Vinnureglur fyrir umhverfissjóð
- Ungmennabúðanefnd

6. - 8. fundargerð ungmennabúðanefndar

- Ungmennaráð
- Útgáfu- og kynningarnefnd

**7. Vinnureglur Umhverfissjóðs UMFÍ, minningarsjóðs Pálma Gíslasonar**

Stjórn samþykkir framlagðar vinnureglur. Þær verða birtar á vefsíðu UMFÍ.

**8. Erindi sem hafa borist:**

- 12.05. '22 Bréf frá UMFF varðandi styrkumsókn. - Framkvæmdastjórn fjallaði um erindi bréfs og vísaði því til stjórnarfundar með tillögu um afgreiðslu að vísa erindinu til fræðslu- og verkefnasjóðs.
- 20.05. '22 Aðalfundur Landverndar verður haldinn í Lækjargötu 2a, kl. 16:00.
- 25.05. '22 Ársþing UÍF verður haldið í Vallarhúsinu, Ólafsfirði og hefst kl. 18:00.
- 02.06. '22 Ársþing UDN verður haldið í Dalabúð, Búðardal og hefst kl. 18:00.

**9. Mótahald**

Rætt um úthlutun móta skv. reglugerð UMFÍ. Lagt til að senda út auglýsingu þar sem óskað er eftir mótshaldara fyrir Landsmót 50+ fyrir árið 2024. Þjónustumiðstöð falið að auglýsa eftir mótshaldara.

**10. Önnur mál**

Sambandsráðsfundur á Hótel Höfn. Tillaga um að færa sambandsráðsfundinn fram um eina helgi þ.e. frá 21.-22. okt. til 14.-15.okt. á Hótel Höfn, vegna vetrarfría í skólum. Stjórn samþykkir tillöguna.

Fundi slitið kl. 21:16  
SÓJ ritaði fundargerð.

## YFIRLIT VERKEFNA

| VERKEFNI                            | STAÐA     | ÁÆTLUÐ VERKLOK | ÁBYRGÐ |
|-------------------------------------|-----------|----------------|--------|
| Reykir skólabúðir                   | Lokið     | Maí 2022       | GG     |
| Húsnæðismál                         | Lokið     | Maí 2022       | GG     |
| Fjárfesting á Laugarvatni           | Lokið     | Maí 2022       | GG     |
| Markaðsátak                         | Í vinnslu | 2. ársfj. 2022 | GG     |
| Auglýsa eftir mótshöldurum          | Lokið     | Maí 2022       | RH     |
| Nýtt skráningarkerfi fyrir mótahald | Lokið     | Júní 2022      | GPG    |
| Tölvukerfi                          | Hafið     | Lok árs 2022   | GPG    |

## YFIRLIT AÐGERÐARÁÆTLUNAR

| VERKÞÁTTUR                          | STAÐA      | ÁÆTLUÐ VERKLOK | ÁBYRGÐ                    |
|-------------------------------------|------------|----------------|---------------------------|
| Birtingaáætlun                      | Lokið      | Apríl 2022     | Útgáfu- og kynningarnefnd |
| Vinnureglur sjóða                   | Lokið      | Maí 2022       | Sjóða- og fræðslunefnd    |
| Greining á rekstri                  | Lokið      | Maí 2022       | Ungmennabúðanefnd         |
| Eftirfylgni markaðskönnunar         | Í vinnslu  | Júní 2022      | Útgáfu- og kynningarnefnd |
| Úthlutun Fræðslu- og verkefnasjóður | Í vinnslu  | Júní 2022      | Sjóða- og fræðslunefnd    |
| Úthlutun Umhverfissjóður            | Lokið      | Júní 2022      | Sjóða- og fræðslunefnd    |
| Umfjöllunarefni í 2. tbl. Skinfaxa  | Í vinnslu  | Ágúst 2022     | Útgáfu- og kynningarnefnd |
| Greining á reglum                   | Ekki hafið | Ágúst 2022     | Móta- og viðburðarnefnd   |

|                                     |            |                |                             |
|-------------------------------------|------------|----------------|-----------------------------|
| Fjárhagsáætlun 2023                 | Ekki hafið | September 2022 | Fjárhags- og fasteignanefnd |
| Umfjöllunarefni í 3. tbl. Skinfxa   | Í vinnslu  | September 2022 | Útgáfu- og kynningarnefnd   |
| Mat á mótahaldi                     | Ekki hafið | September 2022 | Móta- og viðburðanefnd      |
| Endurmat á aðstöðumálum             | Ekki hafið | Október 2022   | Ungmennabúðanefnd           |
| Úthlutun Fræðslu- og verkefnasjóður | Ekki hafið | Desember 2022  | Sjóða- og fræðslunefnd      |